

Alþingi

Erindi nr. B ¹²⁰ / 12115

komudagur 29 / 5 1996

Skattanefnd FLE

Skattanefnd FLE hefur tekið saman minnispunkta um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt annars vegar og breytingartillögur fjármálaráðherra við frumvarpið dags. 22. maí 1996 hins vegar. Vísar nefndin til fyrri umsagnar dags. 9. maí 1996 vegna frumvarpsins og vill jafnframt árétta eftirfarandi:

1. grein frumvarpsins, sem varðar breytingar á 8. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

Í 5.tl. segir að til skattskyldra tekna manna skuli telja vexti og hvers konar ávöxtun af lífeyristryggingum og söfnunartryggingum einstaklinga þegar þær falla til. Meginregla laganna kveður á um að vexti skuli telja til tekna þegar þeir koma til greiðslu, en ekki þegar þeir falla til. Er hér um meðvitað frávik frá meginreglunni að ræða? Ef svo er ekki telur nefndin þörf á skýrara orðalagi.

4. grein frumvarpsins, sem varðar breytingar á 17. gr. laga um tekju- og eignarskatt. - 2. töluliður í breytingartillögum fjármálaráðuneytisins.

Samkvæmt breytingartillögum frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að víkja frá þeirri meginreglu skattalaga að miða söluhagnað við framreiknað kaupverð eða framreikning á jöfnunarverðmæti. Hlutabréfaeign er í flestum tilvikum langtímafjárfesting og er hætt er við að lítil sátt verði um það í þjóðfélaginu að greiða skatta af margra ára uppsöfnuðum verðbreytingum. Einkum er þetta áhyggjuefni eftir að ákvæði um hámark á stofni til 10% skatts (3 og 6 mkr.) hafa verið sett inn í tillögunnar. Athygli er vakin á því að í flestum nágrannalöndum eru ívildandi reglur um söluhagnað af verðbrefum í eigu einstaklinga, t.d. skattfrelsi eftir tiltekinn eignarhaldstíma. Sömu sjónarmið eiga við um kúlubréf, þar sem gjalddagi er einn í lok eignarhaldstíma. Skattanefndin mælir gegn framkomnum breytingartillögum og vísar til fyrri umsagnar um orðalag á greininni.

um d) lið breytingartillagna fjármálaráðuneytisins.

Ósamræmi er á milli breytingartillagnanna annars vegar og greinargerðarinnar með breytingartillögunum og fyrirliggjandi stjórnarfrumvarpi hins vegar. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir því að einungis sé heimilt að fresta þeim hluta söluhagnaðarins sem fellur undir almennt skattþrep (þ.e. 42-47% í dag), en í breytingartillögunum tekur frestunin til alls söluhagnaðar. Bendir nefndin á þetta ósamræmi.

5. grein frumvarpsins, sem varðar breytingar á 30. gr. laga um tekju- og eignarskatt. - 3. töluliður í breytingartillögum fjármálaráðuneytisins.

Ítrekuð er þörf á lagfæringu á þessari grein, gera hana skýrari og samræma hugtakanotkun. Greinin orðist svo: *Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum. Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtumum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að kröfa sem vextir voru reiknaðir af, fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skatuframali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar*

frjámagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr. Heimildin nær fimm ár aftur í tímann talið frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirferist mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild samkvæmt þessari mgr. tekur einungis til fjármagstekna utan rekstarar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

6. grein frumvarpsins, sem varðar breytingar á 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt. - 4. töluliður í breytingartillögum fjármálaráðuneytisins.

Visað er til umsagnar FLE 9. maí 1996 að því er þessa grein varðar, en gerð er tillaga um að frumvarpstexti 6. gr. orðist svo:

Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en X% af nafnverði hlutafjár. Nú nýtir hlutafélag ekki að fullu frádráttarheimild samkvæmt þessum tölulið og er þá heimilt að flytja ónýtta frádráttarheimild til næstu ára. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

um b) lið breytingartillagna fjármálaráðuneytisins.

Nefndin bendir á að hugtökin aðalhluthafi, stjórnendur og viðskiptamannareikningur eru hvergi skilgreind í skattalögnum. Viðskiptareikningur hluthafa í félagi getur t.d. verið fullkomlega eðlilegur. Hefur nefndin miklar efasemdir um hvernig eigi að skilja og framkvæma þessi atriði. Nefndin leggur áherslu á að hugmyndir um lækkingu á stofni við útreikning á arði eru ómarkvissar, hugtök óljós og jafnvel til þess fallnar að sniðganga reglurnar. Í raun er ekki þörf á að setja inn ákvæði um lán til hluthafa, því að í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög hafa verið sett inn ströng ákvæði sem banna slík lán og hvaða afleiðingar það hefur í för með sér, séu þær reglur brotnar.

13. grein frumvarpsins, sem varðar ákvæði til bráðabirgða II. - 9. töluliður í breytingartillögum fjármálaráðuneytisins.

Nefndin leggur til að bráðabirgðaákvæði II orðist þannig:

Á árunum 1997 og 1998 skal reikna jöfnunarverðmæti hlutabréfa í samræmi við þetta ákvæði hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, í árslok 1996.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa í félagi skal vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996 að viðbætti þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis með framtalsskilum á árunum 1997 eða 1998. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við framkvæmd þessa ákvæðis.

Hafi seljandi hlutabréfa eignast hin seldu hlutabréf fyrir 1. janúar 1997 skal jöfnunarverðmætið samkvæmt 2. mgr. þessa ákvæðis lagt til grundvallar sem kaupverð án framreiknings samkvæmt 26. gr. við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa. Í stað jöfnunarverðmætis er heimilt að miða við upphaflegt kaupverð, að viðbættum breytingum samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. grein til ársloka 1996, sé það hærra. Um söluhagnað þeirra sem eignast hin seldu hlutabréf eftir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 2. mgr. 17. gr.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf, tilkynnt nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilið er í 2. og 3. mgr. ákvæðis þessa í síðasta lagi með skattframtali 1998, skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfanna vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996.

Hlutafélögum er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf, eða tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, allt að því að heildarnafnverð hlutafjár nái jöfnunarverðmæti eins og það reiknast skv. 2. mgr. þessa ákvæðis. Jöfnunarverðmætið skal síðan hækka eða lækka eftir verðbreytingarstuðli samkvæmt 26. gr. í fyrsta sinn við útreikning á árinu 1998 samkvæmt verðbreytingarstuðli sem birtur er í árslok 1997. Hlutafélögum er jafnframt heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf, eða tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, vegna innborgaðs hlutfjár eftir 1. janúar 1997 og takmarkast heimildin við innborgað hlutafé eftir að það hefur verið hækkað eða lækkað eftir verðbreytingarstuðli samkvæmt 26. gr. frá innborgunarári til ársins á undan útgáfuári, að frádregnu nafnverði.

Þegar nefndin kom fyrst fram með tillögum um breytingar á jöfnunarbréfaútgáfu, lágu eftirfarandi sjónarmið einkum til grundvallar:

- a) Komast út úr núgildandi reglum um útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Reglurnar byggja á upplýsingum frá árinu 1978 og eru löngu orðnar úreltar. Ákvæði um útgáfu jöfnunarhlutabréfa þekkjast ekki í nágrannalöndum okkar og valda truflun á hlutabréfamarkaði.
- b) Mismuna ekki, með afturvirkum hætti, þeim félögum og hluthöfum sem þegar hafa nýtt sér rétt til útgáfu jöfnunarbréfa og hinum sem ekki hafa gert það.
- c) Skapa ekki óróa á hlutabréfamarkaði eða meðal hluthafa vegna breytinganna. Ákvæðið um útgáfu jöfnunarhlutabréfa vekur í fyrsta lagi upp nýja skattstofna og færir í öðru lagi eignarskattsbyrði frá hlutafélögum til hluthafa. Hvort tveggja veldur miklum þrýstingi til þess að lækka hlutfé og að greiða út fé til hluthafa. Varar nefndin mjög við afleiðingum þessa og hvetur til þess að fallið verði frá útgáfuskyldunni.
- d) Eftir viðræður við fulltrúa úr fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis var tveimur markmiðum til viðbótar bætt inn í tillögurnar: Annars vegar að **söluhagnaður skuli vera mismunur á söluverði og kaupverði án framreiknings** og hins vegar að **alltaf verði samræmi milli þess stofns sem eignarskattur reiknast af og þess stofns sem frádráttarbærni arðs tekur mið af**. Skattanefndin hefur hér að framan gert tillögu að lagatexta sem tekur mið af þessum markmiðum. Sérstaklega er vísað til bráðabirgða-ákvæðis II í þessu sambandi.

Sérstök athygli er vakin á því að í frumvarpstextanum hér að framan reiknast söluhagnaður af hlutabréfum sem mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði eða jöfnunarverðmæti eins og það reiknast miðað við árslok 1996, án framreiknings eftir þann tíma, hins vegar. Heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa stendur áfram, en með öðrum hætti en samkvæmt núgildandi lögum. Miðast heimildin nú við mismuninn á framreiknuðu jöfnunarverðmæti eða framreiknuðu innborguðu hlutafé eftir 1996 annars vegar og nafnverði hlutafjárins hins vegar. Frádráttarbær arður er áfram reiknaður sem hlutfall af nafnverði hlutafjár eins og það er á hverjum tíma. Úthlutun arðs og útgáfa jöfnunarhlutabréfa takmarkast að öðru leyti við ákvæði hlutafélagalaga.

Í stuttu máli telur nefndin að tillögur fjármálaráðuneytisins gangi gegn markmiðum a) og c) hér að framan. Tillögur nefndarinnar hér að framan miða að því að uppfylla framangreind sjónarmið a) til c) eins og kostur er.

Sá tími sem nefndin hefur haft til að fjalla um breytingartillögurnar hefur verið mjög naumur og eru hlutaðeigandi beðnir að skoða umsögn okkar í því ljósi.

Reykjavík 28. maí 1996.

Skattanefnd FLE

Árni Tómasson

Ólafur Nilsson

Valdimar Guðnason